

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Lagt er til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf verði veitt leyfi til kennslu þeirra sextán reykvísku nemenda sem nú þegar eru í 6. og 7. bekk skólangs frá samþykkt þessari til loka skólaársins 2020 – 2021. Ekki verði um frekari fjölgun nemenda að ræða þar sem húsrúm í samþykktu húsnæði leyfir ekki frekari fjölgun. Greitt verði framlag vegna framangreindra 16 nemenda frá 1. febrúar 2021 til loka skólaársins 2020 – 2021. Þrátt fyrir framangreint verði ekki gerð breyting á þjónustusamningi um hámarksfjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við nágildandi samning Reykjavíkurborgar við Hjallastefnan Grunnskólar ehf, dags. 13. maí 2019, sem kveður á um framangreint.

Gerður er fyrivari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáist.

**Greinargerð:**

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar sl., þar sem rakinn er ferill málsins og staða. Hér er því lagt til að út frá hagsmunum nemenda sem nú þegar stunda nám í 6. og 7. bekk að þeir fái að halda því námi áfram út skólaárið og að greitt verði framlag vegna þeirra frá 1. febrúar 2021 og út skólaárið 2020 - 2021. Þar sem þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og skólangs miðar við að heimilt sé að greiða framlag vegna 45 nemenda umfram þann fjöldi sem greitt var framlag vegna þann 1. nóvember 2020 er lagt til að ekki verði gerðar breytingar á þjónustusamningi hvað varðar hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Þá verði tryggt að skólahúsnæði uppfylli kröfur laga þar að lútandi og að staðfesting Menntamálastofnunar fáist.

Leyfi til áframhaldandi kennslu í 6. og 7. bekk að yfirstandandi skólaári loknu verður tekið til skoðunar berist umsókn Hjallastefnunnar þar að lútandi.